

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/593
komudagur 15.1.2002

Menntamálanefnd Alþingis.

Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um **breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, þskj. 138 – 138. mál**, flm. Pétur H. Blöndal.

Hagþenkir getur ekki mælt með samþykki frumvarpsins. Stjórn félagsins álitur að menningarlegar forsendur séu fyrir því að Ríkisútvarpið sé þjóðareign og þannig þjóni það best því markmiði að veita landsmönnum jafnan aðgang að fræðandi og gagnrýnni umræðu um vísindi og menningu.

Hagþenki hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um rekstur Ríkisútvarpsins, þskj.7 – 7. mál, flm. Sverrir Hermannsson. Stjórn félagsins styður tillöguna og telur hana muni styrkja rekstur Ríkisútvarpsins til þess menningarhlutverks sem því er ætlað í íslensku samfélagi.

Hér á eftir fer rökstuðningur fyrir álitinu þessu. Plögginn munu berast í pósti við fyrsta tækifæri.
Kveðja,
Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri Hagþenkis

Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna vinnur að eflingu íslenskrar menningar og tungu með því að beita sér fyrir sem bestum starfsskilyrðum höfunda sem birta með ýmsum hætti niðurstöður hvers konar fræðistarfa og semja námsefni. Starfsemi Ríkisútvarps, eins og henni er lýst í lögum um stofnunina og fengin er löng reynsla af, hefur ótvírætt og sérstakt gildi fyrir starf íslenska höfunda og listamanna í hinum ýmsu greinum. Miðlun Ríkisútvarpsins á íslenskum verkum, kynning þess á bókaútgáfu, fræðastörfum og menningarviðburðum og aðgangur höfunda og framleiðenda útvarpsefnis að einstökum söfnum stofnunarinnar má telja mikilvæga forsendu menningarlífs í landinu. Þannig verður að telja starfsemi Ríkisútvarps eina helstu forsendu þess að höfundafélag eins og Hagþenkir geti gegnt því hlutverki sem nefnt er í upphafi.

Fengin reynsla staðfestir að Ríkisútvarpið skapar höfundum og listamönnum þjóðarinnar víðtækari og traustari starfsvettvang en einkarekið útvarp. Ástæðuna má rekja til þess hlutverks sem stofnuninni er ætlað að rækja skv. lögum og einnig skiptir máli að stofnunin er ekki algjörlega háð auglýsingatekjum og áskriftargjöldum. Sú staða neyðir útvarpstöðvar til að keppa fyrst og fremst að vinsældum og kosta sem minnstu til í samkeppni um hlustendur og áhorfendur. Það takmarkar gildi starfseminnar fyrir menningu, upplýsingu og tungu þjóðarinnar. Því ber að treysta starfsgrundvöll Ríkisútvarps og gera það sem óháðast slíkum takmörkunum. Félagið leggur áherslu á það grundvallarviðhorf að Ríkisútvarpið verði efti í því skyni að gera það fært um að gegna sem best því hlutverki sem því er ætlað samkvæmt 3. og 4. gr. laga um Ríkisútvarp nr. 122/2000. Þetta eru forsendur þeirra umsagna sem gefnar eru hér á eftir um tvö þingskjöl sem varða útvarpsrekstur.

127. löggjafarþing 2001–2002. Þskj. 138 - 138. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum. Flm.: Pétur H. Blöndal.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu eru meginatriðin í því þessi: „Með frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, verði felld úr gildi í heild sinni, en nánar tilgreind ákvæði þeirra verði tekin upp í útvarpslög, nr. 53/2000. Stofnað verði

hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins og það selt. Starfsmenn haldi starfi sínu hjá hlutafélaginu og njóta forgangs um kaup á hlutafé í því“.

Þessum meginatriðum tillögunnar er mótmælt af eftirtöldum ástæðum:

1. Eignir Ríkisútvarpsins eru ómetanlegar til fjár. Það efni, sem Ríkisútvarpið á og varðveitir í hljóðriti og myndriti með hugsuðum- og listamönnum þjóðarinnar er ómetanlegt í víðustu merkingu þess orðs. Því virðast þær hugmyndir, sem liggja til grundvallar eftirfarandi ákvæðum í 5. gr. umrædds lagafrumvarps, hvorki röklegar né réttlætanlegar. Átt er við eftirfarandi ákvæði: „Menntamálaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár við stofnun. Skal við það miðað að heildarfjárhæð hlutafjár sé eigi hærri en sem nemur eigin fé Ríkisútvarpsins við stofnun“.

2. Þær eignir þjóðarinnar, sem telja má ómetanlegar til fjár, á ekki að bjóða til sölu. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að höfundar ýmiss konar efnis, sem framleitt er fyrir hljóðvarp og sjónvarp, verða oft að sækja í upptöku- og myndasafn Ríkisútvarpsins til að ná markmiðum sínum. Verði aðgangur að efninu háður verðlagningu hlutafélags, sem rekið er með hagnaðarsjónarmið fyrir augum, er hætt við að það takmarki möguleika höfunda og framleiðenda við gerð margs konar efnis. Af ofangreindum ástæðum getur sala Ríkisútvarps ekki talist sambærileg við sölu banka og annarra fyrirtækja sem ríkið hefur látið frá sér.

3. Sé Ríkisútvarpið lagt niður og selt hlutafélagi, sem hlýtur að verða að afla allra tekna sinna með áskrift og auglýsingum, verður allt útvarp í landinu háð vinsældum og áhuga auglýsenda. Binding alls útvarpsrekstrar í landinu við þau skilyrði getur ekki talist eftirsóknarvert. Um ástæður þess að slíkur rekstrargrunnur getur ekki talist réttlætanlegur eða til framfara frá menningarlegu sjónarmiði skal auk þess sem nefnt er hér í lið eitt og tvö vísað til þess sem sagt er í upphafi og nefnt er í umsögninni um þingsályktunartillögu Sverris Hermannssonar.

Lokaorð

Það skal viðurkennt að margs konar vandi fylgir því að skipa útvarpsstarfsemi í landinu með þeim hætti að kröfum um menningarlegt gildi, réttláta, lýðræðislega og hagkvæma skipan sé fullnægt. Þótt hér hafi verið tekin eindregin afstaða gegn þeim hugmyndum um sölu Ríkisútvarps, sem fram koma í frumvarpi Péturs H. Blöndal, gæti reynst vel að framkvæma með einhverjum hætti hugmyndir um útboð á verkefnum sem þar eru reifaðar.

Leita ber leiða til að gera útvarpslög þannig úr garði að sem víðtækust sátt verði um grundvallatriði þeirra. Ein leiðin er sú að skapa sem bestar forsendur til að ræða viðfangsefnið málefnalega og skipulega og sýna ólíkum sjónarmiðum og hagsmunum tillitssemi. E. t. v. gæti eins konar „akademía“ eða reglubundin ráðstefna fulltrúa sem kæmu frá aðilum af því tagi sem nefndir eru í j-lið stefnurammans sem lýst er í þingsályktunartillögu Sverris Hermannssonar leitað slíkra lausna. Enn vænlegra gæti reynst að fjalla um viðfangsefnið á víðari vettvangi þar sem fulltrúar allra útvarpsrekenda í landinu mundu koma reglulega saman til að fjalla um skipan útvarpsmála og útvarpslög ásamt fulltrúum samtaka sem tengjast menningar- og neytendamálum í víðtækri merkingu þeirra orða.

Hagþenkir - félag höfunda fræðirita og kennslugagna

Hringbraut 121 / 107 Reykjavík

<http://www.mmedia.is/hagthenk>

Sími 551-9599